

varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, 34
er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo 12. febr.
fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr.
1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í
meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

35

um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1945 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti
Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

36

um framboð og kjör forseta Íslands.

12. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Við kjör forseta Íslands skal fara eftir gildandi kjörskrár yfir alþingis-
kjósendur.